


Nýrnasteinataka gegnum slöngu í nýra

Nýrnasteinar eru fjarlægðir í skurðaðgerð gegnum slöngu í nýra. Skömmu fyrir aðgerðina er slöngu komið fyrir í gegnum húð og inn í nýra. Opið er síðan notað í skurðaðgerðinni til að koma fyrir stærri slöngu og gegnum hana er steinn í nýrnaskjóðu fjarlægður með speglunartæki eða brotinn niður og honum skolað burt.

Hætta þarf að taka blóðþynningarlyf, önnur en magnýl og hjartamagnýl, og er það gert í samráði við lækna þvagfæraskurðeildar.

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta til að mynda seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta fengið aðstoð hjá „Ráðgjöf í reykbindindi“ sem býður aðstoð við að hætta og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafabjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á www.reyklaus.is.



Undirbúningur fyrir aðgerð

Þegar aðgerðardagur nálgast er sjúklingur boðaður í innskrift á innskriftarmiðstöð 10E í kjallara Landspítala við Hringbraut. Hafa skal með þvagsýni (morgunþvag) í sýnaglassi sem fæst í apótekum. Einnig skal hafa með öll lyf sem tekin eru daglega eða lyfjakort.

Viðtal

Á innskriftarmiðstöð fer fram viðtal við lækni þvagfæraskurðeildar, svæfingalækni og hjúkrunarfræðing. Spurt verður um heilsufar, gerð læknisskoðun og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina. Gott er að hafa aðstandanda með sér í innskriftarviðtal. Gera þarf ráð fyrir að innskriftin taki 3-4 klukkustundir. Undirrita þarf samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Fyrir þjónustuna á innskriftarmiðstöð þarf að greiða.

Rannsóknir

Tekin eru blóðsýni, lungnamynd og hjartalínurit ef þörf er á.

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru.

Slanga er sett í nýra á röntgendeild á 3. hæð, Landspítala í Fossvogi.

- Fasta þarf á mat og drykk í 3 klukkustundir fyrir ísetningu slöngu í nýra.
- Yfirleitt er ekki þörf á innlögn eftir ísetninguna, heldur leggst sjúklingur inn á dagdeild 13D að morgni aðgerðardags.
- Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því stundum eru gefin slævandi lyf samhliða staðdeygingu.

Fasta fyrir skurðaðgerð

Tilgangur föstu er að draga úr hættu á bakflæði magainnihalds í tengslum við svæfingu.

- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir aðgerð.** Ráðlegt er að fá sér aukabita og orkuríkan drykk kvöldið fyrir aðgerð til að minnka áhrif föstu á líkamann.
- Drekka má tæra drykki (ekki þamba) þar til 2 klst. eru til aðgerðar.** Tær drykkur er agnalaus drykkur án fitu, t.d. vatn, tær ávaxtasafi, te og kaffi (án mjólkur). Ekki má nota tóbak eða tyggigúmmí síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.
- Svæfingalæknir metur hvaða lyf eigi að taka að morgni aðgerðardags.

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér snyrtivörur, tannbursta, inniskó, þægileg föt eða slopp og afþreyingarefni. Notaðu má farsíma en stilla þarf á hljóðlausu hringingu.

Aðgerðardagur

Fara þarf í **sturtu heima að morgni aðgerðardags**. Þrifa naflann með bómullarpinna, klæðast hreinum fötum og fjarlægja skartgrip, andlitsfarða og naglalakk. Ekki má nota húðkrem eftir sturtuna.

Mæta á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags og hafa með öll lyf sem tekin eru daglega.

Aðgerðin er gerð í svæfingu og tekur 2–4 klukkustundir og hefur þvagfæraskurðlæknir samband við aðstandanda að henni lokinni. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist.

Eftir aðgerð tekur við dvöl á vöknun þar sem fylgst er náið með líðan sjúklings í nokkra klukkustundir þar til hann fer á legudeild 13G. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknun, en nánustu aðstandendum er velkomið að hringja.

Verkir

Verkjalyf eru gefin á reglulega og eftir þörfum. Sjúklingur metur styrk verkja samkvæmt eftirfarandi verkjastiku þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 óbærilegur. Mikilvægt er að láta víta um verki. Markmiðið er að vera vel verkjastilltur, geta hreyft sig með góðu móti og náð djúþöndun.

Enginn verkur	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Gæti ekki verið verri
	Vægur		Talsverður			Mikill		Mjög mikill				

Öndun

Súrefni er gefið fyrst eftir aðgerð til að létta öndun.

Þvag

Þvagleggur er settur í þvagblöðru til að fylgjast með þvagútskilnaði fyrst eftir aðgerð. Hann er yfirleitt fjarlægður 1-2 dögum eftir aðgerðina.

Slanga í nýra

Áður en ákvörðun er tekin um að fjarlægja slönguna sem liggur inn í nýrað er tekin röntgenmynd til að kanna rennsli frá nýranu. Einstaka sjúklingur þarf að fara heim með slönguna tímabundið. Eftir að slangan er fjarlægð eru settar umbúðir yfir opið þar sem vessað getur úr gatinu fyrstu klukkustundirnar.

Matur og drykkur

Gefinn er vökvi í æð fyrst eftir aðgerð. Yfirleitt má dreypa á vökva að kvöldi aðgerðardags og fæða er síðan aukin smátt og smátt eftir þoli. Mikilvægt er að drekka vel (a.m.k 2 lítra á sólarhring) fyrstu dagana eftir aðgerð til að auðvelda steinsalla, sem verður eftir í nýranu, að skolest niður.

Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata og bæta starfsemi hjarta og lungna. Hún dregur úr líkum á fylgikvillum eins og blóðtappa eða lungnabólgu. Hreyfing eykur einnig maga- og þarmahreyfingar. Best er að vera sem mest á fótum, ganga eða sitja í stól að minnsta kosti 4–6 sinnum á sólarhring.

Svefn

Ekki er óeðlilegt að svefnmynstur breytist, sérstaklega fyrstu dagana eftir aðgerð. Mikilvægt er að láta vita ef illa gengur að sofa.

Andleg líðan

Búast má við breytingum á andlegri líðan í tengslum við veikindi. Starfsfólk er reiðubúið að ræða við sjúkling og fjölskyldu um líðan þeirra. Einnig er hægt að kalla til aðra fagaðila til stuðnings.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- útskriftarfræðslu
- rafrænan lyfseðil fyrir verkjalyfjum
- endurkomutíma hjá sérfræðingi á göngudeild 11A

Útskrift

Útskrift er áætluð 2-3 dögum eftir aðgerð.

Símanúmer:

Innskriftarmiðstöð 10E	543 2114
Dagdeild 13D, opin virka daga kl. 7 til 19	543 7480
Þvagfæraskurðeild 13G	543 7360
Göngudeild þvagfæra 11A	543 7100